



Birna Einarsdóttir, forstjóri Íslandsbanka
Finnur Árnason, stjórnarformaður Íslandsbanka

Reykjavík 12. janúar 2023

Meðfylgjandi tölvupóstur barst til formanns Landssambands hestamannafélaga (LH) og formanns landsliðsnefndar LH, frá forstöðumanni eignastýringar Íslandsbanka sem svar við beiðni um styrkveitingu til afreksstarfs sambandsins.

Þar hafnar viðkomandi starfsmaður, fyrir hönd Íslandsbanka, samstarfi við unglinga- og afreksstarf LH og tengir þá ákvörðun bankans með beinum hætti við það að gerð var fækkun á U-21 árs landsliðshópi LH sem varð þess valdandi að dóttir hans var ekki valin í umræddan landsliðshóp.

Rétt er að taka fram að viðkomandi starfsmaður gerði miklar athugasemdir við þennan niðurskurð í landsliðshópnum og hringdi ítrekað í nefndarmenn í landsliðsnefnd, landsliðsþjálfara og formann LH og var verulega ósáttur.

Við hjá Landssambandi hestamannafélaga, sem er fjórða fjölmennasta sérsambandið innan ÍSÍ með yfir 12.000 félagsmenn, lítum það **mjög** alvarlegum augum að starfsmenn einstakra fyrirtækja (svo ekki sé minnst á þegar um er að ræða fyrirtæki sem er að hluta til í almenningseigu) skuli leyfa sér að reyna að beita fjármagni vinnuveitenda síns í eigin þágu með þessum hætti gegn íþróttasambandi og til að reyna að hafa áhrif á innra starf sambandsins. Við viljum ekki ganga svo langt að tala um tilraun til þvingunar, en einhver myndi örugglega líta þannig á.

Þó að við myndum gjarnan byggja upp samstarf með Íslandsbanka, báðum aðilum til heilla, þá skiljum við líka vel ef bankinn telur fjármunum sínum betur varið með öðrum hætti, og gerum ekki athugasemdir við það. Við gerum hins vegar athugasemdir við að það sé gert á þeim forsendum að starfsmaður bankans sé ósáttur við að gerð hafi verið breyting á fjölda í landsliði og að dóttir viðkomandi hafi þar með ekki komist í landslið, þá er einfaldlega mjög langt gengið og samrýmist með engum hætti eðlilegum samskiptum og viðskiptaháttum.

Hafa ber í huga hvernig þessi framkoma lítur við næst þegar viðkomandi starfsmaður hringir í formann LH eða landsliðsþjálfara með það fyrir augum að reyna að hafa áhrif á ákvarðanir sem snúa að honum sjálfum eða börnum hans. Er þá formanni eða landsliðsþjálfara hollast að lúta þeim fyrirmælum, enda eiga samtökin mjög mikið undir styrktaraðilum? Er það vilji og stefna bankans?

Við höfum upplýst framkvæmdastjóra ÍSÍ um málið. Honum var mjög brugðið og sagðist ekki muna eftir neinum viðlíka dæmum, og sér í lagi þegar um væri að ræða hálfopinbert fyrirtæki eins og Íslandsbanka.

Þessi póstur er sendur á bankastjóra Íslandsbanka, Birnu Einarsdóttur, Finn Árnason stjórnarformann bankans og Eddu Hermannsdóttur markaðs- og samskiptastjóra Íslandsbanka. Afrit verður sent á framkvæmdastjóra og forseta ÍSÍ auk stjórnar LH. Þá áskiljum við okkur rétt til að upplýsa fleiri um málið, þar með talið stjórn Íslandsbanka, framkvæmdastjórn ÍSÍ og aðra sem málið kann að varða, ef þurfa þykir.

Fyrir hönd Landssambands hestamannafélaga

Guðni Halldórsson formaður

Berglind Karlsdóttir framkvæmdastjóri